

1871.

25. febrúar.

með bréfi 31. f. m. hafið sent dómsmálastjórninni eptirrit af bænarskrá, 17. desembr. f. á., til fjárhagsstjórnarinnar, þar sem þér sækid um, að ferða-áætlun hins íslenzka póstgufuskips 1871 verði breytt þannig, að skipið komi við á austurströnd Íslands eins og í fyrra, en þessu var neitað með bréfi aðalpóststjórnarinnar 27. f. m., hafið þér mælt til, að dómsmálastjórnin mæli fram með því, að það verði íhugað á ný, hvort eigi megi breyta ferðaáætluninni á þá leið, sem getið er.

Eptir að dómsmálastjórnin útaf þessu hafði sent fjárstjórninni bænarskrá yðar, og jafnframt mælt mjög með því, að málið yrði íhugað á ný, verður stjórnarráðið því miður að gefa yður ttl vitundar, að fjárstjórnin hefir látið í ljósi, að ekkert það atvik sè komið fram, er geti gjört það að verkum, að öðruvísi verði litið á málið, en áður var, og geti því með svofelldu móti á þessu ári ekki orðið nein breyting á ferða-áætluninni.¹

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af lóðargjaldi af verzlunarhúsum, selveiði og rekaförum.

1. marz.

Í bréfi, dagsettu 8. marzm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins þær spurningar, sem hér skal greina:

1. hvort sá arður, er eigandi jarðar hefir af verzlunarhúsum, sem byggð eru á jörðunni, skuli talinn með, þegar virða skal þær tekjur af allri jörðunni, er greiða skal af alþingistoll, og
2. hvort afgangur af selveiði, rekaviði eða því um líku skuli telja með landskuld, og taka af því alþingistoll.

¹) Seinna var samt ferða-áætluninni breytt á þá leið sem um var beðið.

1871.

1. marz

Um fyrra atriðið hafið þér getið þess, að eptir að yður hafið borizt bréf dómsmálastjórnarinnar 10. desbr. 1866,¹ hafið þér í öllum tilfellum álitid, að alþingistoll skyldi reikna af þeim arði, sem jarðeigandi hefir af þeim verzlunarhúsum, sem byggð eru á lóð hans, nema af verzlunarstöðunum við Papós, Hofsós og Grafarós, en eigendurnir að þeim hafa beiðzt þess, að málið verði lagt undir úrskurð stjórnarráðsins; álita þeir, að afgangið af verzlunarhúsum megi skoða sem endurgjald fyrir það tjón, sem verður bæði af því, að þeir, sem sækja verzlunarstaðinn, nota landið þar í kring til hagbeitar handa hestum sínum, og af öðrum átroðningi, en þér álitid aptur á móti, að af þessu leiði að eins það, að þegar virða á tekjurnar af allri jörðunni, verði bæði að taka tillit til afgangisins af verzlunarhúsunum og til þess tjóns og átroðnings, sem þeim fylgir; hafið þér þessvegna sagt sýslumönnum fyrir á þessa leið, og leitið nú samþykkis stjórnarráðsins til þessarar fyrirskipunar.

Um hitt atriðið hafið þér, herra stiptamtmaður, látið í ljósi, að þér hafið fengið vitneskju um það frá hreppstjóranum í Presthólahrepp, að tekjur nokkrar af konungsjörðunni Harðbak þar í hreppnum, sem nefndar eru hafnargjald, sè árlegt afgangið af selveiði og rekafjöru í Hraunhöfn, en af þessu gjaldi sè ekki goldinn alþingistollur, sökum þess að hlutaeiganda stjórnarvald hafi fundið að því 1855, að þetta hafið verið gjört, samkvæmt reikningum umboðsmannsins, með því ekki skyldi telja þesskonar gjöld með landskuld, en þessari reglu hefir aptur verið fylgt um lík gjöld þar í hreppnum. Þaræð yður samt sem áður finnst, að það leiði hvorki af því lagabóði, sem hér á við, — sem er opið bréf 18. júlí 1848, um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konunglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur þar við riðin útgjöld² — nè af eðli málsins og umræðunum um lagabóðið, að gjöra nokkurn greinarmun á þeim gjöldum, sem hér er um að ræða, og öðrum gjöldum til jarðeigandans, að því leyti, er snertir alþingistoll, —

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 384.

²) Lovsamling for Island, XIV., 142.

hafið þér borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort framvegis eigi að taka það afgangið undan alþingistulli, eða hvort ástæða sé til að heimta það, sem ekki hefir verið galdið síðan 1855.

1871.

1. marz.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifast á við stjórnardeild reikningsmálanna um síðara atriðið, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni:

Um 1. spurningu. Við þessari spurningu verður að kveða jáyrði, og fellst því stjórnarráðið á ráðstafanir yðar í þessu efni.

Um 2. spurningu. Það stjórnarráðið að öllu leyti verður að fallast á skoðanir yðar um þetta atriði, skal eptirleidis telja það afgangið til þess að greiða af alþingistoll, en aptur á móti virðist ekki eptir atvikum næg ástæða til að heimta alþingistoll af þessum afgangið fyrir þann tíma, sem liðinn er.

Um þá uppástungu yðar, að greiða skuli alþingistoll af kaupstaðaeignum, og þeim verzlunarhúsum, sem verða talin sem kaupstaðaeignir, ásamt tómthúsum, sem þar eru byggð, og að verði búinn til viðbætur við erindisbréf 18. júlí 1848¹⁾, skal þess að endingu getið, að stjórnarráðið hefir skrifað hinum amtmönnunum um þetta mál, en ennþá ekki fengið svar frá norður- og austur-amtinu; má því fyrst búast við úrskurði stjórnarráðsins um þetta mál síðar meir.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk handa jarðyrkjumanni.

1. marz.

Það dómsmálastjórnin hefir enn fremur veitt Sveini Sveinsyni úr Austfjörðum á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Norvegi, 50 rd. styrk til þess að ferðast um Norveg, eptir að hann hefir lokið námi sínu á skólanum, og til að kynna sér þar fjárrækt, mælumst vör til, að fjárhagsstjórnin hlutist til um, að það upphæð verði borguð skjalaverði Jóni Sigurðssyni úr aðalféhirzlunni

¹⁾ Lovsamling for Island, XIV., 143.